

22. nóvember 2007  
SI-36456

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8 – 10  
150 Reykjavík

Með bréfi dags. 13. nóvember 2007 óskaði efnahags- og skattanefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lagaákvæðum um almenningssamgöngur, 23. mál, endurgreiðslu virðisaukaskatts og olúgjalds.

Í frumvarpinu er gerð tillaga um tvenns konar breytingu á lagaákvæðum um almenningssamgöngur. Annars vegar er lögð til breyting á lögum um virðisaukaskatt til þess að fyrirtæki sem reka almenningssamgöngur sitji við sama borð og þeir sem reka hópferðabifreiðar og fái endurgreidda 2/3 hluta greidds virðisaukaskatts af nýjum almenningssvögnum frá 1. desember 2000 út gildistíma bráðabirgðaákvæðis X í lögnum. Þá er hins vegar lagt til að þeir sem reka almenningssamgöngur fái olúgjald að fullu endurgreitt, en með kerfisbreytingu þeirri að leggja niður þungaskatt og taka upp olúgjald greiða þessir aðilar 80-85% hærri gjöld til ríkissjóðs en í eldra kerfi þótt það hafi ekki verið ætlan löggjafans.

Seðlabankinn ræður ekki yfir sérþekkingu á sviði skattamála og er því vanbúinn að tjá sig um efni frumvarpsins. Það varðar fyrst og fremst umferðar-, skipulags- og umhverfismál, en einnig kemur til athugunar hvort vandkvæði séu annars vegar á núverandi tilhögun skattheimtu af almenningssamgöngum og hins vegar á því fyrirkomulagi sem til er lagt. Að öðru leyti tjáir bankinn sig ekki um frumvarpið.

Virðingarfyllt  
SEÐLABANKI ÍSLANDS

Davíð Oddsson  
formaður bankastjórnar

Eiríkur Guðnason  
bankastjóri